

## 1167. stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 10. janúar 2018, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.**

**Mætt voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Unnur María Pálmadóttir og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

**Gestur fundarins:** Viðar Ingason hagfræðingur VR

Helga Ingólfssdóttir, varaformaður VR, setti fund kl. 17:30 og stjórnaði fundi framanaf í fjarveru Ragnars Þórs þar sem hann var upptekinn á fundi með ráðherrum ríkisstjórnarinnar.

Ragnar Þór mætti svo til fundar kl. 18:10 og tók þá við stjórn fundarins.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1166. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Helga lagði fram fundargerð 1166. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

Undir þessum dagskrárlið sagði Árni frá því hvers vegna ákveðið var að fresta úthlutun orlofshúsa 2018 um heila viku. Ástæðan var sú að upp kom algerlega óvænt bilun í tölvusambandi við símkerfi NOVA rétt áður en úthlutun átti að hefjast og var í engum tengslum við úthlutunarferlið. Var því tekin ákvörðun um að fresta úthlutun þannig að allir VR félagar sætu við sama borð. Nú sólarhring síðar hefur enn engin skýring komið frá tæknimönnum og símasamband við VR er aðeins nýkomið á aftur og er byggt á bráðabirgðatengingu.

#### 2. Kaupmáttarreiknivél VR

Gestur fundarins, Viðar Ingason hagfræðingur VR, sagði frá fyrirhugaðri kaupmáttarreiknivél VR sem verður aðgengileg á vefsvæði VR innan skamms. Má segja að þessi reiknivél sé ákveðin viðbrögð við t.d. útreikningum Hagstofu þar sem við höfum sagt að þeir útreikningar gefi ekki alltaf nógu rétta mynd af kaupmáttaraukningu sem haldið er á lofti. Útskýrði hann í stuttu máli hvernig Hagstofan stillir af sína útreikninga og hvernig okkar kerfi mun virka.

Í okkar kerfi stillir notandi af sitt fjölskyldumynstur og ef viðkomandi er í leiguhúsnæði segir hann frá leigukostnaði því ef sá kostnaður hefur t.d. hækkað meira en laun er varla hægt að tala um mikla kaupmáttaraukningu hjá viðkomandi.

Sýndi Viðar hvernig reiknivélin virkar á vefnum með nokkrum dæmum.

Umræður.

Ragnar Þór og Sigríður Lovísa komu hér til fundar kl. 18:10 og tók Ragnar Þór við stjórn fundar.

Að loknum umræðum var Viðari þakkað fyrir góða kynningu og vék hann af fundi kl. 18:15

### 3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagðist ný kominn af fundi með forsætisráðherra og öðrum ráðherrum ásamt mörgum fulltrúum atvinnulífsins. Þar var til umræðu m.a. ákvörðun kjararáðs en leitað er eftir sátt þótt engar ákveðnar lausnir hafi verið settar fram á þessum fundi.

Ragnar Þór ræddi þær kröfur sem verið hafa í umræðunni innan okkar raða og sagðist hann skynja að ráðamenn viti að staðan sé alvarleg og átök gætu orðið á vinnumarkaði.

Miðstjórn ASÍ fundaði í dag þar sem ræddar voru áherslur ASÍ gagnvart ríkisstjórninni svo sem er varðar atvinnuleysisbætur og fæðingarorlofsmál. Staðan var almennt rædd og ljóst að t.d. RSÍ er í miklum baráttuham. Þetta var ágætur fundur og baráttuhugur í mönnum. Margt bendi til þess að samningum verði sagt upp í febrúar.

Umræður.

Ragnar Þór sagði að enn sé verið að ræða nýtt rammasamkomulag. Það vantar úrræði fyrir þá sem verst standa og enginn einhvern vegin að taka af skarið. FÍR fundar í kvöld og þar verður jafnvel tekin ákvörðun um uppsögn samninga en í raun eru ekki nema 4 vikur til stefnu. Ljóst er að margt gerist á næstu vikum.

Umræður.

#### 4. VR blaðið

Ragnar Þór sagði frá því að nýlega hafi verið fundur í ritnefnd VR blaðsins þar sem farið hafi verið yfir niðurstöðu lestrar/ánægjukönnunar og þar sem ræddar voru hugmyndir að breytingum á útgáfu á þessu ári. Hugmyndin sé sú að hafa 2 af 4 blöðum með nýju sniði þar sem stefnt sé að aldreiingu og síðan að hafa alveg sérstakt blað fyrir ungt fólk í VR. Efnistöð og útlit væri þá í samræmi við það og einnig dreifing.

Með aldreiingu á tveimur tölublöðum værum við að sækja útávið eins og rætt hefur verið um á vinnufundum stjórnar en verið er að skoða kostnað við slíkt útgáfuform. Ef þetta verður munum við svo skoða lestur og hvort breytingar hafi haft einhver áhrif.

Umræður.

#### 5. Málefni Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ólafur Reimar sem er varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna tók til máls og ræddi störf stjórnar sjóðsins sem nú fer inni sitt síðasta ár kjörtímabils. Þau hafa verið dugleg að styðja hvert annað á kjörtímabilinu og samhljómur í flestum málum en mjög mörg málefni hafa verið til umfjöllunar í stjórninni.

Hugmyndir að breytingum hafa orðið til í stefnumótunarvinnu þeirra, mikið var skoðað og margar hugmyndir að breytingum sem vænta má að verði af. Nefna má að vefsvæði sjóðsins er orðið mun betra auk þess sem þau hafa t.d. skoðað starfsreglur, siðareglur og hluthafastefnu. Þá er hugmyndin sú að auglýsa eftir stjórnarmönnum í félög í eigu sjóðsins. Þannig kæmi nýtt blóð í stjórnirnar. Einnig hafa þau skoðað launastefnur og bónusa í þessum félögum ofl.

Mikill áhugi er hjá þeim fyrir betri stjórnarháttum og að fá þá vottaða.

Fjallaði hann næst um fjárfestingar og hvernig gengur í þeim. Þetta hefur frekar verið á jákvæðum nótum þótt það sé auðvitað upp og ofan. Oft þurfi að skoða ákvarðanir sem teknar hafa verið um eldri fjárfestingar, hverjar forsendur voru ofl. Í þeim efnum voru fundargerðir oft ekki nógu ítarlegar.

Raunávöxtun á heildareignum sjóðsins 2017 stefnir í 4,7% - 5% sem er nokkuð gott.

Þá hafa launamál stjórnenda sjóðsins verið rædd og skoðuð, einkum forstjórans, en þau eru í hærrí kantinum. Var fyrirtækið Intellecta fengið til að fara í gegnum launamálin og er það staðfest að laun forstjórans eru nokkuð há t.d. miðað við aðra lífeyrissjóði. Erum að vinna í þessu og ætti það mál að skýrast á næsta stjórnarfundum um hvernig það fer.



Þá hyggjast þau standa fyrir námskeiðum til kynningar á sjóðnum fyrir félagsmenn t.d. starfslökakynningar.

Umræður.

Fundi var slitið kl. 20:50  
Árni Leósson, fundarritari